

### 1 TILGANGUR

Þessi verklagsregla lýsir ferlinu þegar skipt er um kennsluefni eða ný útgáfa eldra kennsluefnis er tekið upp í áfanga á vélstjórn. Einnig gildir þessi verklagsregla fyrir nýja áfanga. Vinnuferlið tryggir

- (1) að skipulagðar aðferðir séu notaðar við endurnýjun kennsluefnis
- (2) að á bókalista sé ávallt það efni sem notað er við kennsluna á hverjum tíma
- (3) að kennsluefnið, ef við á, standist gildandi kröfur Mennta -og barnamálaráðuneytisins og IMO.

### 2 GILDISSVIÐ

Vinnuferlið gildir fyrir alla endurnýjun á kennsluefni fyrir vélstjórnarnemendur.

### 3 HUGTÖK

Listi yfir hugtök sem notuð eru í verklagsreglunni er að finna í Gæðahandbók á blaðinu INN-004 Hugtök og skilgreiningar.

### 4 ÁBYRGÐ

Skólameistari ber ábyrgð á að unnið sé samkvæmt ferli um endurnýjun á kennsluefni, og ásamt áfangastjóra, fag-/brautarstjórum og kennurum ber honum að vera vakandi fyrir breytingum í íslensku og alþjóðlegu starfs- og gæðaumhverfi skólans.

Brautarstjóri vélstjórnar er ábyrgur fyrir að fylgjast með útgáfu nýs kennsluefnis, og að kennsluefni uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í áföngum skv. námskrá. Hann er ábyrgur fyrir því að stofna nýtt kennsluefni í Innu, skrá námsefni á bókalista í Innu og tengja við áfanga undir sinni stjórn. Auk þess að koma ábendingum á framfæri við kennara, til bókasafns og til annarra starfsmanna skólans er málið varðar. Hann er einnig ábyrgur fyrir að fylgjast með þróun á starfsemi IMO, útgáfu nýrra reglugerða, laga eða alþjóða samþykka sem áhrif hafa á framsetningu kennsluefnis sem notað er í vélstjórnarnámi. Brautarstjóri ásamt kennara er ábyrgur fyrir því að bókalisti í Innu sé réttur.

Kennarar eru einnig ábyrgir fyrir að fylgjast með þróun kennsluefnis á sínu starfsviði, ræða hana við brautarstjóra og koma ábendingum til bókasafns.

### 5 FRAMKVÆMD

Vinnuferlið er eftirfarandi:

- Kennari leggur fyrir brautarfund breytingar á kennsluefni og þar er ákvörðun tekin. Ákvörðun brautarfundar er skráð í fundargerð fundarins, EB-001 Fundargerð og sent á skrifstofu þar sem fundargerðin er vistuð í skjalakerfi skólans.
- Brautarstjóri sér um að stofna nýtt kennsluefni í Innu, skrá kennsluefni í Innu og tengja við áfanga á sínu sviði
- Brautastjóri sér um að koma upplýsingum um kennsluefni til bókasafns
- Bókalisti er aðgengilegur í Innu í upphafi annar
- Bókasafn nýtir sér bókalista í Innu og sér til þess að nýtt kennsluefni sé til á safni skólans og skráð í Leitir.is

### 6 TILVÍSANIR Í SKJÖL

EB-001 Fundargerð

### 7 VIÐEIGANDI SKRÁR

Gagnagrunnur skólans <http://www.inna.is>

Samskrá íslenskra bókasafna <http://www.leitir.is>